

BORGARRÁÐ 19. apríl 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um rekstur Ljósleiðarans - MSS23010191

Borgarráð samþykkir fyrir hönd Reykjavíkurborgar að heimila Orkuveitu Reykjavíkur (OR) að veita hlutfé inn í Ljósleiðarann til að tryggja rekstrargrundvöll. Lagt er til að þetta erindi verði borið undir stjórn OR. Auk þess er lagt til að Reykjavíkurborg skori á Alþingi að biðja um undanþágu frá EES tilskipunum um um fjarskipti, sem gera ráð fyrir markaðs- og samkeppnisvæðingu þeirra. Nýjasta útgáfa laga sem byggja á þeim grunni, eru lög nr. 70/2022 um fjarskipti. Slík undanþága myndi tryggja að innviðir sem tryggja íbúum internet séu ekki settir í heftandi samkeppnisrekstur, sem leiðir til fákeppni og opnar á einkavæðingu.

Greinargerð:

Miðað við dómsúrskurð Hæstaréttar nr. 219/2015 er ljóst að ekki er hægt að ógilda hlutfjárukningu frá Orkuveitu Reykjavíkur til Ljósleiðarans ef af henni yrði. Í honum vísuðu dómstólar máli Mílu ehf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun og Orkuveitu Reykjavíkur frá dómi. Með því var staðfest að hlutfjárukning Orkuveitu Reykjavíkur til Gagnaveitunnar (nú Ljósleiðarinn) var heimil. Auk þess greiddi Orkuveita Reykjavíkur út fjóra milljarða í arð árið 2022. Staða félagsins er því góð. Félög á vegum borgarinnar ættu ávallt að tryggja að innviðir séu í eigu borgarbúa. Einnig er mikilvægt að Ísland fái undanþágu frá tilskipunum EES um fjarskiptainnviði sem kveða á um að þeir skuli vera á svokölluðum samkeppnismarkaði. Íslenskar aðstæður eru þannig að fákeppni og einokun er óhjákvæmileg vegna smæðar lands og þjóðar. Þess í stað er nauðsynlegt að lögum sé breytt til þess að fjarskiptainnviðir séu í eigu almennings og reknir á samfélagslegum forsendum. Að öðru leyti er vísað til umsagnar Sósíalista í rýnihóp vegna Ljósleiðarans: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/Ums%C3%B6gn%20r%C3%BDnih%C3%B3ps%20borgarr%C3%A1%C3%B0s%20um%20erindi%20Lj%C3%B3slei%C3%B0arans_2023-4%20-11_lok.pdf?fbclid=IwAR2JK_RvvF5X3gYWp3cYzvg-d5FXW9E2s9MhT4AqjtI0k3JUgatQayaDdGY